

5. Forstöðumenn stjórnsýslustofnana ríkisins og staðgenglar þeirra.
6. Forstöðumenn atvinnurekstrar- og þjónustufyrirtækja ríkisins og staðgenglar þeirra, nema þeir séu ráðnir sérstakri ráðningu.
7. Aðrir þeir er gegna embættum sem öldungis verður jafnað til embætta þeirra manna sem getið er í 1.—6. tl.

Fyrir 15. janúar ár hvert skal fjármálaráðherra birta skrá um nöfn og störf þeirra manna, sem falla undir ákvæði 1.—7. tl.

Rísi mál um hvort maður falli undir ákvæði 1.—7. tl. 1. mgr. skal það mál lagt fyrir Félagsdóm sem sker úr því til fullnustu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977.

Gjört að Bessastöðum 26. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthias Á. Mathiesen.

L Ö G

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla:

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

2. gr.

Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsóknna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu víkja fyrir ákvæðum sérлага um upptöku afla.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafla er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Ráðuneytið úrskurðar enn fremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miða við heildarsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.

Ráðuneytið byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Ráðuneytið skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.

4. gr.

Ákvörðun ráðuneytis um upptöku aflla skal tekin með skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því, að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólöglega aflla, sem það gerir upptækan, hjá kaupendum eða seljendum þess aflla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.

5. gr.

Sjávarútvegsráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 19. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63 16. apríl 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 3. gr. laganna komi ný málsgrein, er verði 1. málsgrein og orðist svo:

Nú verður félagi, er uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 2. gr., eftir árslok 1971 fyrir orkutapi, sem metið er 40% eða meira og veitir honum rétt til örorkulífeyris úr lífeyrissjóði, og á hann þá rétt á örorkulífeyri samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri, örorkulífeyri og makalífeyri.

Fjárhæð ellilífeyris er hundraðshluti af meðaltali grundvallarlauna næstu 5 almanaksárin, áður en taka lífeyris hefst, og nemur hundraðshluti þessi samantölum stigafjölda, sem félaginn hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,8. Aldrei skal þó reikna með færri stigum en 5.

Fjárhæð örorkulífeyris, miðað við 100% örorku, reiknast á sama hátt og ellilífeyrir með þeirri breytingu, að auk áunninna stiga skal reikna þau stig, sem ætla